



Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafirði

Dagsetning 16.2.2026
Málsnúmer IRN25120106

Tillaga sveitarstjórnar um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta fiskveiðiárið 2025/2026

Við er til erindis sveitarstjórnar, dags. 16. janúar sl., þar sem lagðar eru fram tillögur að sérstökum skilyrðum vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir Ísafjörð, Hnífsdal, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri á fiskveiðiárinu 2025/2026, á grundvelli 5. og/eða 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og 3. gr. reglugerðar nr. 1334/2025, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2025/2026.

Tillaga sveitarstjórnar var birt á vef ráðuneytisins í samræmi við 3. gr. reglugerðarinnar og gafst kostur á að gera athugasemdir. Að lokinni kynningu og yfirferð fyrirbyggjandi gagna hefur ráðuneytið tekið tillöguna til efnislegrar meðferðar.

Við mat sitt hefur ráðuneytið litið til framkomins rökstuðnings sveitarstjórnar, fyrirbyggjandi gagna og aðstæðna í viðkomandi byggðarlagi. Að teknu tilliti til málefnalegra og staðbundinna sjónarmiða **fellst ráðuneytið á framlagðar tillögur að sérstökum skilyrðum vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2025/2026.**

Ráðuneytið leggur áherslu á að sérreglur séu byggðar á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags, sbr. framangreind lagaákvæði. Hver tillaga er metin sjálfstætt með hliðsjón af aðstæðum á hverju fiskveiðiári.

Auglýsing um sérreglur fyrir Ísafjörð, Hnífsdal, Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, eftir því sem við á, verður send Stjórnartíðindum til birtingar á næstu dögum. Að birtingu lokinni verður Fiskistofu falið að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í samræmi við gildandi reglur og staðfestar sérreglur.

Aðalsteinn Þorsteinsson

Fyrir hönd ráðherra,

Leifur Arnkell Skarphéðinsson